

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	Hæfniviðmið
14. – 18. janúar	<p>Heill og hálfur tími.</p> <p>Sólarhringurinn.</p> <p>Mánuðir og ár.</p>	<p>Nemendur læra hugtök sem lýsa tíma eins og mánuður, árstíð og vikudagur. Nemendur læra að lesa heila og hálfá tíma á hefðbundinni klukku og kynnast því hve ein klukkustund er um það bil langur tími.</p>	<p>Sproti 2A</p> <p>Verkefnahefti</p> <p>Ljósrituð gögn</p> <p>Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Geti lesið heilan og hálfan tíma á skífuklukku.</p> <p>Veit hvernig sólarhringurinn skiptist í 24 klukkustundir.</p> <p>Veit hvað margir mánuðir eru í einu ári.</p> <p>Þekkir rétta röð mánaðanna tólf.</p> <p><i>Námsmat :könnun bls 126 í sprota 2A og munnlegt námsmat.</i></p>
<p>21. janúar- 15. febrúar</p> <p>30. jan -samskiptadagur</p>	<p>Reikniaðgerðir – samlagning og frádráttur með eins og tveggja stafa tölum.</p> <p>Tugir og einingar.</p> <p>Vinna með tölur upp í 100.</p> <p>Þjálfar nemendur að skilja 100 töfluna.</p>	<p>Aðgerðir við samlagningu og frádrátt. Að setja saman og skipta tölum í tugi og einingar. Nemendur fá tækifæri til að þróa með sér hagkvæmar aðferðir í hugarreikningi.</p>	<p>Sproti 2a (kafli 5 og 6.).</p> <p>Verkefnahefti.</p> <p>Ljósritað efni.</p> <p>Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Geti lagt saman tveggja stafa tölur.</p> <p>Geti dregið frá tveggja stafa tölur.</p> <p>Geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp í 100 þekki 100 töfluna.</p> <p>Þekkir tákinn fyrir samlagningu, frádrátt og jöfnuð.</p> <p>Þekkir tákinn fyrir stærra en og minna en,</p> <p>Getur fundið duldar tölur.</p> <p>Þekkir tugi, einingar og hundruð.</p> <p>Áttar sig á að talnahúsið stækkar og samhengið innan þess.</p> <p>Kynnist því að búa til</p>

				talnamynstur. <i>Námsmat :kannanir á blaðsíðum 98 og 112 í sprotu 2A auk annara kannanna.</i>
18. – 22. febrúar	Samhverf form og myndir í nánasta umhverfi/hlutum daglegs lífs. Að búa til samhverfar myndir. Að finna speglunarás.	Nemendur læra að þekkja tvívíð samhverf form, myndir og sýna speglunarás. Auk þess læra nemendur að búa til samhverf mynstur, talnamynstur ofl.	Sproti 2b - kafli 8 Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.	Markmið: Geti búið til samhverfar myndir Geti fundið speglunarás <i>Námsmat :könnun bls 10 í sprotu 2B.</i>
25. feb – 15. mars	Tvöfaltt meira – helmingi minna. Sléttar tölur og oddatölur. Að tvöfalda og helminga fjölda. Að tvöfalda og helminga ýmislegt tengt daglegu lífi. Að geta skipt í tvo jafna hluta. Kynnist 0*, 1* og 2* tölunum.	Nemendur læra um hugtökin að helminga og tvöfalda. Kennsla fer fram í tengslum við fjölda, lengd, peningaupphæðir og stærðir. Hugtakið helminga tengist einnig samhverfu. Þekki sléttar- og oddatölur. Nemendur skoði fjölda og kanni hvort hægt sé að skipta í tvo jafna hluta. Grunnur lagður að margföldun og deilingu	Sproti 2b – kafli 9 Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.	Markmið: Geti tvöfaldað fjölda Geti helmingað fjölda Vinni með og læri um hugtakið sléttar tölur Vinni með og læri um hugtakið odda tölur Kynnast 0*1*2* tölunum. <i>Námsmat :könnun bls 32 í sprotu 2b og annað matsefni.</i>
18. – 29. mars	Reikningur með tölum upp í 100. Telja munnulega upp í 100. Að skipta tölum upp í tug og einingar. Skrifa heila tugi.	Nemendur rifja upp tölurnar upp í 100. Teknar eru fyrir tvær ólíkar aðferðir við í samlagningu og frádrætti tveggja stafa talna.	Sproti 2b-kafli 10 Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl	Geti lagt saman tveggja stafa tölur. Geti dregið frá tveggja stafa tölur. Geti skipt tveggja stafa tölu í tugi og einingar. Geti sameinað tugi og einingar í tveggja stafa tölur. Getur talið peninga og skráð viðkomandi upphæð. <i>Námsmat :könnun bls 62 í sprotu 2b og annað matsefni.</i>

1. – 12. apríl	<p>Marghyrningar, hringir, rúmfræðiform og þyngd. Hugtakið marghyrningur og merkingu þess. Nöfn og eiginleikar sívalninga, ferstrendinga, kúlna og píramída.</p> <p>Þekkja þessi form í umhverfi sínu, í daglegu lífi og á myndum.</p> <p>Þyngd hluta og magn.</p>	<p>Nemendur læra að þekkja og lýsa þrívíðum formum og hlutum eins og sívalningum, ferstrendingum, kúlum og píramídum. Nemendur þurfa að þekkja ákveðna eiginleika þessara forma og þekkja þau á myndum.</p> <p>Nemendur eiga enn fremur að læra hvernig þessir hlutir eru byggðir upp af tvívíðum flötum. Loks eiga nemendurnir að læra að nota hugtök eins og horn, hliðarbrúnir og hliðarfletir þegar þeir lýsa þrívíðum hlutum.</p> <p>Nemendur geti borið saman þyngd mismunandi hluta og áttað sig á því að magn og þyngd fer ekki endilega saman.</p>	<p>Sproti 2b kafli 13</p> <p>Eining 3</p> <p>Stærðfræði undir berum himni</p> <p>Hlutbundin gögn</p> <p>Ljósrituð gögn og fl.</p>	<p>Hæfniviðmið:</p> <p>Þekkir formin þríhyrningur, hringur, kúla, ferningur, ferhyrningur, pýramídi, ferningur, sívalingur, ferstrendingur, hringur, sívalingur, sexhyrningur, marghyrningur og eiginleika þeirra.</p> <p>Geti borið saman þyngd mismunandi hluta</p> <p>Áttar sig á að magn og þyngd fer ekki alltaf saman.</p> <p>Geti gert óformlegar rannsóknir á tvívíðum og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.</p> <p>Getur búið til mynstur.</p> <p>Getur haldið áfram með mynstur.</p> <p>Getur teiknað mynstur með formum eða öðru.</p> <p>Námsmat : skrifleg og munnleg könnun.</p>
15. – 19. apríl	Þ á s k a l e y f í			
22. apríl– 10. Maí	Hundruð, tugir og einingar.	Unnið með tölur upp í 100, sérstakega með hliðsjón af skiptingu talna eftir	Sproti 2b - kafli 12 Verkefnahefti	Geti sameinað tugi, einingar og hundruð í þriggja stafa tölur.

1. maí - verkalyðsdagur	<p>Orðadæmi.</p> <p>Stærðfræði í daglegu lífi.</p> <p>Margföldun.</p>	<p>sætum í tugi og einingar. Æfa ýmsar aðferðir til að leysa samlagningar og frádráttardæmi.</p> <p>Æfa orðadæmi og þjálf það hvernig reikningur birtist í daglegu lífi.</p> <p>Kynna margföldunartöfluna fyrir nemendum og kenna þeim tákni fyrir fyrir margföldun og deilingu. Leyfa nemendum að æfa sig á einföldum margföldunarverkefnum.</p>	<p>Ljósrituð gögn</p> <p>Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Geti skipt þriggja stafa tölu í tugi, einingar og hundruð</p> <p>Geti lagt saman og dregið frá með þriggja stafa tölur</p> <p>Getur leyst einföld orðadæmi.</p> <p>Getur leyst verkefni sem varða daglegt líf.</p> <p>Getur leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni.</p> <p>Þekkja tákni fyrir margföldun og deilingu.</p> <p>Kynnist 3*4*5*6* töflunum.</p> <p>Námsmat : skrifleg og munnleg könnun.</p>
13. – 31. maí	<p>Flatarmál og ummál.</p> <p>Að mæla fleti og ummál með ýmsum óstöðluðum mælieiningum.</p> <p>Að bera saman stærð flata og ummál.</p> <p>Að finna flatarmál og ummál með því að telja rétt.</p> <p>Að finna flatarmál og ummál með rúðuneti.</p> <p>Að mæla hluti með reglustiku,</p>	<p>Nemendur læra að bera saman stærð flata, einkum með því að mæla þá með óstöðluðum mælieiningum. Þeir læra að tilgreina stærð með tölum og mælieiningum, t.d. „20 reitir“. Þeir munu einnig læra að mismunandi hlutir eða myndir geta haft sama flatarmál.</p> <p>Nemendur læri að nýta sér reglustiku og málbönd svo og önnur mælitæki til að mæla sm og m.</p>	<p>Sproti 2b kafli 11</p> <p>Ljósrituð gögn</p> <p>Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Hæfniviðmið:</p> <p>Getur fundið flatarmál marghyrninga með því að telja rúður eða reiti</p> <p>Getur fundið ummál marghyrninga með því að telja rúður og reiti.</p> <p>Getur mælt með óstöðluðum mælieiningum.</p> <p>Getur mælt með stöðluðum mælieiningum.</p>

málbandi og öðrum mælitækjum bæði sentimetra og metra			<i>Námsmat :Könnun á bls. 76 í sprota 2b og annað matsefni.</i>
---	--	--	---

Námsmat:

Námsmat: Kennari notar sérstaka námsmatskvarða við mat á nemendum. Námsmatskvarðinn er símatskvarði sem kennari vinnur jafnóðum yfir skólaárið. Til grundvallar eru lagðar stærri og smærri kannanir, sjálfsmat nemenda, jafningjamat og verkefni. Kvarðinn er unninn út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá Grunnskóla. Að vori fá nemendur vitnisburð, í honum er nemendum gefin einkunn með bókstöfum.

P= 0%-49%

N= 50%-74%

G= 75%-100%

Lykilhæfni er hluti af námsmati sem afhent er við annarlök.